

Skólaráðsfundur

26.nóvember 2024

Kl 15:00

Mætt voru: Snorri Traustason, Kristín Hlynsdóttir, Sigurbjörg Eiðsdóttir, Vigdís Ingimundardóttir og Gerd Plaggenborg.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Drög nýrrar foreldrahandbókar skólans
2. Öryggisganga skólaráðs um húsnæði skólans og skólalóð.
3. Fréttabréf til foreldra.
4. Önnur mál.

Verið er að útbúa foreldrahandbók fyrir grunnskólann þar sem foreldrar geta kynnt sér skólastarfið vel og tæpt á sem flestum spurningum sem brenna á nýjum foreldrum í skólanum.

Drög að handbókinni voru lögð fyrir og farið yfir þá kafla sem nauðsynlegt þykir að hafa í ritinu.

Stefnt er á að handbókin verði tilbúin með vorinu og verður þá birt á heimasíðu og send öllum foreldrum.

Einnig var lagt til að handbókin yrði alltaf send líka á foreldra fimm ára barna í Waldorfleikskólanum og að opið hús fyrir foreldra yrði fært til og haft fyrir, eða í lok janúar.

Skólinn hyggst gefa út fréttabréf í vetur til að styrkja samskipti heimilis og skóla enn frekar og verða þar ýmsar skemmtilegar fréttir úr skólastarfinu auk þess sem það er platform fyrir foreldrafélagið að koma með efni ef þau vilja. Fréttabréfið verður sent út þrisvar á þessu skólaári og kemur það fyrsta í lok nóvember.

Ekki voru lögð fram önnur mál á fundinum.

Skólaráð gekk síðan öryggisgöngu um húsnæði og lóð skólans og var flest í góðu lagi en það fundust tvær hillur sem má festa og stór tafla sem þarf að huga að festngu á einnig.

Lóð skólans var skoðuð í haust af heilbrigðiseftirliti og hefur verið farið eftir ábendingum þeirra og lokað fyrir efri hæð leikkofa og einnig verður sett mól undir upphístangir þegar tekur upp frost í vor. Einnig var gengið um lóðina og er hún frekar vel umgengin eins og er en væri gaman að fara að skipuleggja hana betur.

Fundi var slitið eftir öryggisgönguna um kl 16.00.